

**Nr. 109 / 15 Arnar ÁR 55****Vélarbilun**

Skipaskr.nr. 1056  
Smíðaður: Rosendal Noregi 1967, stál  
Stærð: 237,4 brl. 320,0 bt.  
Mesta lengd: 38,7 m Skráð lengd: 34,99 m  
Breidd: 7,35 m Dýpt: 5,96 m  
Vél: Caterpillar 671 kW, 1990  
Fjöldi skipverja: 8



Arnar©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Tjónatilkynning.  
Gögn RNS.

Málið afgreitt á fundi þann 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 9. september 2015 var Arnar ÁR 55 á siglingu austur af Ingólfshöfða. Veður: SA 5-8 m/sek og SSV kvika.

Skipið hafði nýlega lokið veiðum og lagt af stað vestur með landinu þegar hitaviðvörðun fyrir aðalvél fór af stað. Vélin var strax stöðvuð og í ljós kom að pakking við rörasamsetningu við utanborðskæli hafði gefið sig svo kælivatnið lak. Vegna tímans sem viðgerð myndi taka og álandsvinds var haft samband við Fróða II ÁR 58 til að draga Arnar frá landi.

Taugin á milli skipanna slitnaði í tvígang og við þriðju tengingu rákust þau saman með þeim afleiðingum að skemmdir urðu á þeim báðum.

**Við rannsókn kom fram:**

- að O-þéttihringur við utanborðskæli aðalvélar fór að leka og vélin missti kælivatn;
- að vatnið inn á kælinn var um 95° heitt;
- að ekki var vitað hvort þéttihringurinn sem lak var hitapólinn;
- að til stendur að setja nýjan hitapólinn þéttihring í næsta slipp;
- að notast var við togvírinn frá Fróða II við dráttinn;
- að fjarlægð milli skipanna var um 360 m í drættinum;
- að keðja í sabba slitnaði fyrst og síðan togvírinn í seinna skiptið.

*Nefndarálit:*

Nefndin ályktar ekki í málinu.